

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Starfsemi skólahljómsveita starfsárið 2021-2022

Reykjavíkurborg rekur fjórar skólahljómsveitir sem þjóna mismunandi svæðum í borginni.

Þær eru:

- Skólahljómsveit Austurbæjar
- Skólahljómsveit Vesturbæjar og Miðbæjar
- Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts
- Skólahljómsveit Grafarvogs

Lagðar eru fram starfsáætlanir allra hljómsveitanna vegna starfsársins 2021-2022. Þátttakendur í starfi skólahljómsveitanna eru um 520 nemendur.

Almennt er nemendum skipt upp í þrjár aldursskiptar sveitir – A, B og C, sú síðastnefnda fyrir elstu börnin.

Stöðugildi eru milli sjö og átta í hverri hljómsveit, að stjórnanda meðtöldum, en fleiri kennarar sinna kennslunni þar sem um mörg hlutastörf á ólík hljóðfæri er að ræða.

Kennt er samkvæmt Aðalnámskrá tónlistarskóla, en aðaláhersla er á samspil og ekki er hægt að stunda nám í skólahljómsveit án þess að taka þátt í samspili í viðeigandi sveit miðað við aldur og getu.

Stjórnendur hljómsveitanna vinna mikið saman og bjóða kennurum sínum upp á endurmenntunartækifæri á sameiginlegum starfsdögum.